

Guðrún Kristjana Jónsdóttir

Kt 160271-3109

Vegna Hársnyrtistofan Anis kt 690805-0570

05.06.2024

Framhald stuðningsaðgerða vegna óvissuástands og náttúruhamfara í Grindavík.

Sem eigandi lítillar hársnyrtistofu sem á fasteign í Grindavík, þá nýtast úrræði ríkisstjórnarinnar ekki á neinn hátt. Meðan ekkert samfélag og búseta í Grindavík þá eru ekki forsendur fyrir áframhaldandi rekstri. Ekkert samfélag = engir viðskiptavinir

Til að lágmarka rekstrarkostnað þá var starfsfólk tekið af launaskrá. Fyrirsjáanlegt að miðað við jarðhræringar, eldgos, tóman bæm aðgangstakmarkanir, skortur á rafmagni og hita í lengri tíma væri engin forsenda fyrir rekstri.

Tekjufall er mikið og meðan ekki er hægt að nýta eignina til að hafa tekjur af henni en fastur kostnaður ( lán og rekstur á fasteign ) þá er enginn tilgangur í frekari lántöku sem gerir ekki annað en að stækka skuldasnjóboltann sem er búinn að vera að myndast síðan 10 nóv sl.

Ef fyrirtæki mitt á að hafa möguleika á að vera áfram í rekstri, hvort sem það verður í Grindavík eða annars staðar , þá verður það að koma til einhver stuðningur vegna kostnaðar við fasteignarinnar, hvort sem hann felst í kaupum á eigninni eða leigustyrk eins og kemur fram í umsögn hjá Atvinnuteymi Grindavíkurbæjar sjá nr 2719.

Guðrún Kristjana Jónsdóttir